

Fundargerð Umhverfisnefndar Flóahrepps

12. fundur haldinn í Félagsheimilinu Þingborg

fimmtudaginn 22. nóvember 2007

Fundin sitja Trausti Hjálmarsson, Almar Sigurðsson og Hafsteinn Hafliðason sem ritar fundargerð.

Á dagskrá:

1) Viðbragðsáætlun vegna alheimsfaraldurs fuglaflensu.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn gangi til samninga við Íslenska Gámafélagið varðandi gerð viðbragðáætlunar vegna þessa umrædda máls.

2) Villingaholtsvatn.

Umhverfisnefnd ályktar til sveitarstjórnar, að hún kanni hvort sveitarfélagið hafi lagalegum skyldum að gegna í þessu máli. Að öðrum kosti mælist nefndin til þess að þeir landeigendur sem aðild eiga að málinu hittist og leysi það sín á milli.

3) Fjárhagsáætlun 2008

Þar eð engin gögn lágu fyrir fundi er formanni umhverfisnefndar falið að ganga frá fjárhagsáætlun í samráði við sveitarstjóra.

4) Önnur mál.

- a) Erindi varðandi drasl og óþrifnað í lóðum að Heiðargerði. Umhverfisnefnd mælist til að umgengni í Heiðargerði verði bætt hið fyrsta og að sveitarstjórn beiti sér fyrir því.
- b) Erindi frá Ferðamálafélagi Flóamanna varðandi Orrustudal. Umhverfisnefnd tekur undir erindi Ferðamálafélags Flóamanna og beinir því til sveitastjórnar að ræða við framkvæmdaraðila um úrbætur í Orrustudal.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 22:45

Almar Sigurðsson — Trausti Hjálmarsson
Hafsteinn Hafliðason